

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

postur@anr.is

10. ágúst 2018

Mál: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða (rafræn vöktun, eftirlit með vigtun, fjarstýrð loftför o.fl.) og um breyting á lögum nr. 36/1992 um Fiskistofu.

Samtök atvinnulífsins leggjast gegn því gríðarlega umfangsmikla myndavélaeftirliti sem ætlað er að koma upp til að fylgjast með meintum og ætluðum brotum á lögum sem gilda um veiðar, vinnslu, flutning og meðferð afla.

Í frumvarpsdrögum er lagt til að myndavélar fylgist með einstaklingum og vinnu þeirra um borð í öllum fiskiskipum, öllum höfnum, flutningatækjum, fiskvinnslum auk þess sem ætlunin er að Fiskistofa reki flota af fjarstýrðum loftförum til að tryggja að eftirlitið verði alsjáandi um alla hegðan þeirra sem störfum þessum sinna.

Enginn vafi er á að nái þessi áform fram að ganga munu þau verða fyrirmynd annarra eftirlitsstjórnvalda og innan fárra ára gætu Íslendingar búið við eftirlitsþjóðfélag af áður óþekktu gerð sem hingað til hefur einungis verið til í skáldsögum og kvikmyndum. Dæmin sanna að verði auknar eftirlitsheimildir veittar einni stofnun linna aðrar ekki látum fyrr en þær búa við sömu heimildir. Nú hafa nánast allar stofnanir heimildir til að leggja á dagsektir og stjórnvaldssektir. Auðvelt er að sjá fyrir sé að myndavélaeftirlit Matvælastofnunar með meðferð og vinnslu annarra matvæla en sjávarfangs, myndavélaeftirlit Samgöngustofu í öllum ökutækjum, loftförum og skipum til að tryggja að farið sé að lögum og myndavélaeftirlit Vinnueftirlits ríkisins á öllum vinnustöðum til að tryggja að aðstæður séu jafnan í samræmi við lög og reglur.

Rökstuðningur í frumvarpsdrögum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um nauðsyn myndavélaeftirlits er heldur fátæklegur og felst í eftirfarandi „(m) *eð reglulegu millibili hafa komið fram vísbendingar og upplýsingar um að afla sé landað fram hjá vigt eða ekki rétt staðið að endurvigtun afla. Því hefur einnig verið haldið fram að brottkast eigi sér stað í einhverjum mæli...*” Og svo það sem hér fylgir: „Varla hefur nokkrum dulist sú umræða, sem uppi hefur verið í fjölmiðlum um skort á eftirlitsheimildum Fiskistofu...” og „(m).a. hafa verið birtar opinberlega upplýsingar og myndefni um ætlað brottkast úr fiskiskipum og sögur af löndun afla.”

Því verður vart trúað að ráðuneytið telji að þetta geti verið fullnægjandi rökstuðningur til að leggja í að safna milljónum klukkustunda af myndbandsefni og að ætla eftirlitsmönnum Fiskistofu að fara í gegnum það. Það er spurning hvort svo miklar upplýsingar muni í raun skila einhverjum ávinningi og að hugsanleg brot á reglum tynist í öllu flóði upplýsinganna. Enga umfjöllun um rannsóknir á ætluðum brotum er að finna í greinargerð með frumvarpsdrögum. Þar er ekki heldur að finna neitt mat á ávinningi sem ætlunin er að ná og hvernig hann vegur upp á móti þeim milljarða króna kostnaði sem umrædd kerfi og þjónusta og eftirfylgni við þau sem og úrvinnsla upplýsinganna mun hafa í för með sér.

Það er ekki óvenjulegt að fréttaflutningur af meintum misbrestum í ólíkri starfsemi komi upp og það er nauðsynlegt að eftirlitsstjórnvöld beiti úrræðum sem samrýmast reglum um meðalhóf og eru í samræmi við tilefnið í stað að gera alla starfsemi í viðkomandi atvinnugrein tortryggilega og ganga út frá að starfsfólkið stundi lögbrot við venjubundin störf sín.

Sú framtíðarmynd sem dregin er upp í frumvarpsdrögum er ógeðfelld, og ástæða er til að efast um að árangur verði í samræmi við erfiðið.

Samtök atvinnulífsins skora á atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að draga þessar tillögur til baka og beita frekar aðferðum sem betur samræmast vestrænni þjóðfélagsgerð þar sem langflestir fara að lögum og reglum og haga sér sem ábyrgir einstaklingar í stað þess koma upp kerfi sem byggir á því að allir séu tortryggðir og ganga út frá því að lögbrot séu eðlilegur þáttur í starfi vinnandi fólks.

Virðingarfyllst,



framkvæmdastjóri